

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Miðvikudaginn 27. janúar 1965.

Nr. 153/1964. **Bjarni Hjaltalín** (Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Rafveitu Akureyrar og gagnsök

(Kristján Eiríksson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramennir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m. Hann hafði fengið gjafsókn í héraði og fékk gjafsóknarleyfi hér fyrir dómi 18. september s.l. Gerir hann þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 421.829.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1958 til greiðsludags. Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 22. janúar 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. s. m. Hann krefst *aðallega* sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst hann þess, að kröfur aðaláfrýjanda verði verulega lækkaðar, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Nokkur ný málsgögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti. Aðaláfrýjandi hefur sundurliðað kröfu sína þannig:

I. Örorkutjón samkvæmt mati trygginga- fræðings	kr. 485.877.00
II. Bætur vegna miska og óþæginda	— 100.000.00
III. Útlagður kostnaður	— 11.310.00

Alls kr. 597.187.00

Frá þessari fjárhæð viðurkennir aðaláfrýjandi, að eigi að draga:

Greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins

áður en héraðsdómur gekk .. 12.415.00

Greiðslu frá gagnáfrýjanda 21.100.00

Greiðslu frá Tryggingastofnun

ríkisins eftir uppkvaðningu hér-

aðsdóms

141.843.00 kr. 175.358.00

Kr. 421.829.00

Aðaláfrýjandi var 28 ára, er slys það varð, sem mál þetta er risið af. Vorið 1953 réðst hann í þjónustu gagnáfrýjanda sem verkamaður. Við fyrirtæki gagnáfrýjanda starfa svenefndir loftlínumenn, sem hafa verkamenn sér til aðstoðar við ýmis störf. Ekki er þess krafizt af hendi gagnáfrýjanda, að loftlínumenn þessir sæki námskeið eða gangi undir próf, áður en þeir eru ráðnir til starfa. Eru þeir valdir úr hópi þeirra verkamanna, sem mesta reynslu hafa öðlzt við aðstoðarstörf, en þau eru m. a. fólgin í því að skipta um perur í ljóskerum á ljósastaurum og vinna önnur þess háttar verk. Ekki var það föst venja gagnáfrýjanda, að maður væri til aðstoðar á jörðu niðri, er slík verk voru unnin. Þeir, sem klifu staura, voru gyrtir öryggisbelti, en af hálfu gagnáfrýjanda var það látið óátalið, þótt þau væru ekki spennt um staurana fyrr en í vinnuhæð.

Að tilhlutan Hæstaréttar var aflagð gagna um, hversu þessum efnun var háttað hjá Rafveitum ríkisins. Í vætti rekstrarstjóra fyrirtækisins er skýrt frá því, að línumönnum sé skipt í þrjá flokka, þ. e. fullgilda línumenn, þjálfaða línu-

menn og menn, sem verið sé að þjálfa til líuvinnustarfa, hinir síðastnefndu séu verkamenn. Ekki sé krafizt sérstakrar menntunar af fullgildum línumönnum, heldur starfsþjálfunar í samræmi við framangreinda flokkun. Þá skýrir vitni þetta enn fremur svo frá, að mikil áherzla sé lögð á það, að menn séu aldrei einir að störfum í staurum og „að viðvaningar spennu ólina yfirleitt, er þeir gangi upp staura, hvort sem þeir gangi lausir eða beri byrði, en vanir menn gangi að jafnaði með óspennta stauraól, nema þegar þeir beri byrðar“. Belti það, sem aðaláfrýjandi hafði til afnota, hefur verið sýnt í Hæstarétti.

Eins og greint er í héraðsdómi, hugðist aðaláfrýjandi skipta um peruhald í ljósastæði og gekk upp staurinn á klifurskóm, en féll úr staurnum 6—7 metra fall og slasaðist mikið. Var hann strax fluttur í sjúkrahús. Þegar þangað kom, var hann með meðvitund, og um atvik að slysinu er ritað í sjúkraskrána, að því er virðist eftir aðaláfrýjanda sjálfum: „Var að vinna uppi í staur, ætlaði að halla sér aftur í öryggislínu, sem þá var laus, og féll maðurinn aftur fyrir sig og niður á jörð. Sennilega komið niður á höfuð og herðar.“ Engin rannsókn fór fram á slysstaðnum, og rannsókn í sakadómi hófst ekki fyrr en 1. október 1960. Skýrir aðaláfrýjandi þá svo frá, að „eftir því sem hann hezt geti gert sér grein fyrir, hafi vinstri fótur hans skroppið úr skónum, og við það hafi hann misst jafnvægið og fallið aftur fyrir sig“. Tekur hann það einnig fram, að á jörðu hafi verið snjór, sem hafi sett í skóna og valdið því, að þeir voru hálli en ella. Í ljós er leitt, að annar klifurskórinn, sem aðaláfrýjandi notaði, varð eftir uppi í ljósa-staurnum, en hinn hafði fallið niður. Skorið hafði verið ofan af hælköppunum á skóm þessum, eins og nánar er greint frá í héraðsdómi. Átti aðaláfrýjandi engan hlut að því. Voru skór þessir sýndir í Hæstarétti ásamt skó, sem engin breyting hafði verið gerð á.

Eins og í héraðsdómi greinir, hlutaðist gagnáfrýjandi ekki til um rannsókn á slysinu, sbr. 26. gr. laga nr. 23/1952. Einn maður var af tilviljun sjónarvottur að þessum

atburði, en hann kvaðst ekki geta gert sér neina grein fyrir því, hvers vegna aðaláfrýjandi féll niður. Áður hefur verið skýrt frá því, sem ritað var í sjúkraskrána, og framburði aðaláfrýjanda um atvik að slysinu. Þau eru því óljós.

Við mat á ábyrgð á slysinu ber að hafa þetta í huga: Klifurskór þeir, sem aðaláfrýjandi hafði til afnota, veittu mun minna öryggi en skór með óbreyttum hælköppum, sérstaklega þar sem snjór var á jörðu, enginn var aðaláfrýjanda til aðstoðar á jörðu niðri og látið var óátalið af hálfu gagnáfrýjanda, þótt öryggisbeltin væru ekki notuð fyrr en í vinnuhæð. Hins vegar er óvafengt, að öryggisbelti það, sem aðaláfrýjandi notaði, hafi verið í fullkomnu lagi, og telja verður sannað, að aðaláfrýjandi hafi klifið staurinn án þess að hafa „stöðvireim“ beltisins lokaða um hann. Mátti aðaláfrýjanda, sem hafði nokkra reynslu við þessi störf, vera ljóst, að það var háskasamlegt, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 23/1952. Engu máli skiptir í þessu sambandi, þótt gagnáfrýjandi hafi greitt aðaláfrýjanda fjárhæð upp í tjón hans. Að öllum aðstæðum athuguðum, þykir mega fallast á sakarskiptingu héraðsdóms.

Samkvæmt gögnum málsins þykir tjón aðaláfrýjanda vegna örorku hæfilega metið kr. 320.000.00, þegar frá hafa verið dregnar greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins (kr. 12.415.00 + kr. 141.843.00). Er þá tekið tillit til hækkaðs verðlags. Þegar litið er til sjúkrasögu aðaláfrýjanda, sem rækilega er lýst í héraðsdómi, og þeirrar röskunar, sem orðið hefur og ætla má að verði á högum hans, ákveðst fjárhæð II. kröfuliðar aðaláfrýjanda kr. 90.000.00. Taka ber til greina III. kröfulið aðaláfrýjanda. Samtals eru þessar fjárhæðir kr. 421.310.00 (320.000.00 + 90.000.00 + 11.310.00). Samkvæmt framansögðu, ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda helming þessarar fjárhæðar, þ. e. kr. 210.655.00, að frá-dregnum kr. 21.100.00, sem gagnáfrýjandi hefur þegar greitt.

Úrslit málsins verða því þau, að gagnáfrýjandi verður dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda kr. 189.555.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1958 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og máls-

kostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 45.660.00. Þar af hljóti talsmaður aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti kr. 45.000.00, en ríkissjóður kr. 660.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Rafveita Akureyrar, greiði aðaláfrýjanda, Bjarna Hjaltalín, kr. 189.555.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1958 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað, kr. 45.660.00, en þar af hljóti talsmaður aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, kr. 45.000.00, og ríkissjóður kr. 660.000.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 19. maí 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 20. febrúar s.l., en með samkomulagi aðilja var málið flutt á bæjarþingi Akureyrar, og var það fyrst tekið þar fyrir 28. f. m. Málið hefur Bjarni Hjaltalín verkamaður, Ránargötu 6, hér í bæ, höfðað gegn Rafveitu Akureyrar og til réttargæzlu Tryggingu h/f, Laugavegi 178, Reykjavík, og gerir hann þær réttarkröfur, að stefndu verði gert að greiða honum eftirfarandi kröfuliði:

- | | |
|-------------------------------------|----------------|
| 1. Örorkutjón | kr. 485.877.00 |
| 2. Bætur vegna miska og óþæginda .. | — 100.000.00 |
| 3. Úlagðan kostnað | — 11.310.00 |

Samtals kr. 597.187.00

með 8% ársvöxtum frá 30/12 1958 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi 1. lið kröfu sinnar um kr. 12.415.00 vegna greiðslu Tryggingastofnunar ríkisins og kr. 21.100.00 vegna greiðslna stefndu, og lækkar krafan

þá í kr. 563.672.00. Einnig var vaxtakrafan lækkuð í 7% árs-
vexti.

Engin krafa er gerð á hendur réttargæzlustefndu.

Varnaraðili hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja og að honum verði tildæmdur málskostnaður að mati dómsins. Til vara, að kröfur sóknaraðilja verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Málavextir eru þessir:

Hinn 31. desember 1958 hafði stefnandi, sem starfaði hjá Rafveitu Akureyrar, byrjað starf eins og venjulega kl. 0720 að morgni. Stefnandi og línumaður hjá R.V.A., Haukur Ingimars-
son að nafni, fóru til starfa við að skipta um ljósaperur í götu-
ljóskerum í bænum, þar sem með þurfti, og höfðu þeir til umráða
bíl, sem Haukur ók, og beið hann jafnan við staurinn, meðan
stefnandi fór í staurana. Um kl. 1030 voru þeir staddir í Þór-
unnarstræti skammt norðan við hús nr. 106, en þar var vitað
um bilað ljósastæði. Stefnandi bjóst nú til að fara í ljósastaur
þarna, en nefndur Haukur ók í burtu og fór heim til sín í kaffi.
Stefnandi gekk upp í staurinn í stauraskóm, sem hann var vanur
að nota, og hafði fest við sig öryggisbelti, en hafði það ekki
spennt utan um staurinn, meðan hann gekk upp. Þegar stefn-
andi var kominn upp undir ljóskerið og var að nema staðar,
missti hann jafnvægið og datt niður, sem var 6—7 m fall, og
slasaðist mikið, eins og síðar verður að vikið, og missti með-
vitund við fallið. Enginn maður var viðstaddur, þegar stefnandi
féll, en Hallgrímur Traustason, Helgamagrastræti 11, sem hafði
verið staddur við glugga í húsi sínu, er vissi að Þórunnarstræti,
hafði séð, þegar maðurinn féll úr staurnum, fór strax á vettvang
og kom síðan boðum um að senda sjúkrabíl, er flutti manninn
í sjúkrahús.

Engin opinber rannsókn fór fram á slysinu, strax eftir það
bar að, en samkvæmt beiðni Jónasar G. Rafnar, lögmanns stefn-
anda, dags. 4. október 1960, fór fram rannsókn á slysinu í saka-
dómi hér 11. og 13. október sama ár, og er framanrituð atvika-
lýsing aðallega eftir því, sem þar kom fram. Við réttarrann-
sóknina gáfu skýrslu auk stefnanda Hallgrímur Traustason, er
að framan er nefndur, Gísli Ólafsson, núverandi yfirlögreglu-
þjónn, en sem þá var varðstjóri, Knútur Otterstedt verkfræð-
ingur, núverandi rafveitustjóri, sem annaðist verkstjórn hjá
R.V.A., þegar slysið henti, og Haukur Ingimarsson, er að framan
er nefndur. Auk þess hafa sumir þessara manna gefið skýrslu

í máli þessu, og enn fremur hafa nokkur önnur vitni gefið skýrslur í málinu. Verður vikið nánar að því, er máli skiptir í skýrslum þessara manna, en áður þykir rétt að víkja að efni þriggja skjala í málinu. Það er upplýst í málinu, að skorið hafði verið ofan af hælköppunum á stauraskóm þeim, er stefnandi notaði í greint sinn og raunar fleirum, og hefur Þórir Björnsson, varaöryggiseftirlitsmaður á Akureyri, skoðað þessa skó og gefið um það vottorð, sbr. dskj. nr. 13. Sams konar stauraskór voru sýndir í réttinum, þegar málið var flutt; hælapparnir á skóm þessum voru úr málm. Í greindu vottorði segir svo: „Athugun leiddi í ljós, að skorinn hefur verið burtu stór hluti hælappanna, þannig að þeir hafa verið styttir um ca. 71 mm, eða skorið af þeim, sem því nemur, niður að sóla. Þá verða eftir blöðkur fyrir aftan hælana, sem eru þó lækkaðar frá upprunalegri hæð kappanna. Mest hæð við miðjan hæl á vinstrifótarskó er 33 mm, en þeim hægri 38 mm. Frá þessum hæðapunktum er skáskorið niður að sóla. Þá hef ég mælt hælappahæð á nýjum stauraskóm, og reyndist hún vera 55 mm.“ Fyrir rétti bar Þórir Björnsson, að hann álíti, að skórnir, þannig breyttir, væru lakari með tilliti til öryggis mannanna, heldur en þeir voru óbreyttir, því þá sé meiri hætta á því, að maðurinn fari upp úr hælunum, t. d. ef snjór safnast í þá. Á dskj. nr. 10 hefur öryggismálastjóri, Þórður Runólfsson, gefið eftirfarandi álit sem svör við spurningum frá lögmanni stefnanda, en hann tók fram, að um þessi atriði giltu engin laga- eða reglugerðarákvæði og að þetta væri aðeins persónulegar skoðanir hans. Í skjali þessu segir svo:

1. Ég tel engu minni hættu á falli, meðan á klifri upp í staurstendur en við vinnu, þegar tilætlaðri hæð er náð, og þess vegna sjálfsagt að hafa stöðvireim beltisins lokaða, frá því klifur hefst, og flytja hana upp, eftir því sem maðurinn hækkar sig í klifrinu. Þetta tel ég, að ætti að vera ljóst bæði verkstjóra og mönnum þeim, sem slíka vinnu stunda, og að verkstjóra beri að leggja fyrir menn sína að haga sér þannig við verkið, geri þeir það ekki ótilkvaddir.
2. Verk það, sem hér var um ræða, að skipta um perur í götuljóskerum, tel ég ekki krefjast fagkunnáttu og því fullforsvaranlegt að fela það ófaglærðum manni.
3. Þó ég telji lítil líkindi til, að maður á jörðu niðri hefði getað dregið úr falli hins úr staurnum, tel ég það sjálfsagða öryggisráðstöfun, að tveir menn séu ávallt við slíkt verk og að báðir hafi til umráða öryggisbelti. Getur slíkt verið nauð-

synlegt, t. d. ef sá, sem er niðri, þarf að fara þeim til hjálpar, sem uppi í staurnum er.

Þá segir svo í dskj. nr. 5, læknisvottorði I, sem svar við spurningu: Hverjar voru taldar orsakir slyssins: „Var að vinna uppi í staur, ætlaði að halla sér aftur í öryggisólina, sem þá var laus, og féll maðurinn aftur yfir sig og niður á jörð. Sennilega komið niður á höfuð og herðar.“ Vottorðið er undirritað G. Karl Pétursson.

Eina vitnið, sem vitað er um, að slysi stefnanda, Hallgrímur Traustason, sá aðeins, að maðurinn féll úr staurnum, en hann gat enga grein gert sér fyrir því, hvers vegna maðurinn féll niður, og gat engar frekari upplýsingar gefið, aðrar en þær, er að framan greinir.

Verður nú vikið nánar að skýrslum stefnanda. Hann var með öryggisbeltið á sér við þenna staur, eins og venjulega, og veit ekki annað en það hafi verið í lagi, en sagði, að það hafi aldrei verið venja hjá rafveitunni, að spenna beltíð, fyrr en þeir voru komnir upp í staurana, það er, þar sem þeir fóru að vinna. Þegar stefnandi var kominn upp undir luktina og var að nema staðar, segist hann allt í einu hafa misst jafnvægið og dottið niður. Stefnandi kvaðst annars eiga erfitt með að gera sér grein fyrir, hvað olli slysinu, en eftir því, sem hann bezt geti gert sér grein fyrir, hafi vinstri fótur hans skroppið úr stauraskónum, og við það hafi hann misst jafnvægið og fallið aftur yfir sig, en kvaðst þó hafa stöðvazt augnablik á hægra fæti, en fallið svo niður á jörð, ca. 6—7 m. Hann tók fram, að þegar þetta gerðist, hafi snjór verið á jörðu, og þess vegna hafi snjór sett í skóna og valdið því, að þeir hafi verið hálli en annars hefði verið. Þá kvaðst hann telja, að hann hafi farið að alveg eins og venjulega og að hér hafi verið um algera óhappatilviljun að ræða. Þá lét stefnandi svo um mælt, að hann gæti ekki fullyrt með öruggri vissu, hvort hann hafi verið búinn að spenna öryggisbeltið, en taldi það þó ólíklegt, því hann gæti ekki betur munað en að hann hafi verið að komast í þá hæð, er til þurfti til að vinna verkið.

Stefnandi kvað yfirmenn þeirra oft hafa séð þá fara í staura, eins og hann gerði í greint sinn, og ekki gert neinar athugasemdir við það. Hann kvaðst hafa verið vanur þessu verki, og aldrei neitt óhapp hent hann áður við það.

Undir rekstri þessa máls gaf stefnandi aðra réttarskýrslu. Þar gerði hann þá athugasemd við þau ummæli sín, að þetta

hafi verið óhappatilviljun, að hann telji, að hann hefði ekki losnað úr skónum, þótt hann missti jafnvægið, ef skónum hefði ekki verið breytt, og að einnig hefði hann þá síður losnað úr skónum fyrir fallið, og áréttaði fyrri framburð sinn um, að fóturinn hefði skroppið upp úr skónum. Einnig tók hann fram í þessu sambandi, að hann hafi lítinn fót, miðað við stærð, noti skó nr. 40. Í þessari skýrslu neitaði stefnandi því, að hann hafi eftir slysið gefið þá lýsingu á orsökum þess, að hann hafi hallað sér afturábak í trausti þess, að hann hefði verið búinn að spenna öryggisbeltið. Þá skýrði hann frá því, að einhver læknir, annar en Guðm. Karl Pétursson, hafi nokkrum dögum eftir slysið, að því er hann minnti, spurt sig um atvik að slysinu, og kvaðst hann þá ekki hafa verið búinn að ná sér eftir slysið og verið mjög gleyminn. Hann kvaðst ekki muna, hvort hann hefði sagt það, sem í framangreindu læknisvottorði greinir, um atvik að slysinu.

Þá hélt stefnandi því fram í þessari skýrslu, að hann álíti, að hann hafi ekki verið kominn í fulla hæð í staurnum, þegar hann féll, því þegar hann hafi misst jafnvægið, hafi hann rekið vinstri höndina í ljósaskerminn og meitt sig á hnúunum. Þá sagði stefnandi, að í greindum staur hafi hann átt að skipta um perustæði, og er það einnig upplýst af Hauki Ingimarssyni. Stefnandi kvaðst hafa verið dálítið búinn að fást við slík störf, það er að fara í staura, þó aðallega í ígripum, þegar línurnar vantaði, og hafi hann gert nokkru meira að þessu síðustu mánuðina fyrir slysið en áður. Stefnandi kvaðst aldrei hafa fengið fyrirmæli um að hafa öryggisbeltið spennt, nema meðan verið væri að vinna uppi í staurnum, en eftir slys hans hafi starfsmönnum verið fyrirskipað að hafa beltin alltaf spennt.

Gísli Ólafsson yfirlögregluþjónn kom strax á vettvang, þegar slysið var tilkynnt, og flutti stefnanda í sjúkrahúsið, sagði, að stefnandi hafi verið meðvitundarlaus, þegar hann kom að, og að hann minnti, að annar skórin hafi verið uppi í staurnum. Hann kvað ekki hafa farið fram neina rannsókn á vegsummerkjum.

Knútur Otterstedt rafveitustjóri hefur borið eftirfarandi, að því er máli skiptir. Hann kvað það algengt, að starfsmenn þeirra færu í staurana án þess að spenna öryggisbeltin um staurinn, ef þeir þyrftu ekki að halda á neinu upp með sér, en ef þeir þurfi að lyfta einhverju upp í staurinn, spennir þeir jafnan öryggisbeltin. Kvað hann, að í þessu tilfalli hafi ekki verið hægt

að kalla það óaðgæzlu hjá stefnanda að spenna ekki beltið. En hafi hann verið byrjaður að vinna, hafi hann átt að spenna það. Hann kvaðst hafa athugað beltið eftir slysið, og hafi það þá verið í lagi.

Þá hefur Knútur Otterstedt skýrt svo frá, að áður en slys stefnanda skeði, hafi línumönnum R.V.A. verið gefin fyrirmæli um að hafa öryggisbeltin jafnan spennt, og hafi þá enginn greinarmunur verið gerður á því, hvort mennirnir gengju lausir upp eða væru með byrðar, heldur hafi mennirnir sjálfir tekið upp á að gera greinarmun á þessu, sbr. hér að framan. Hins vegar hafi það verið látið óátalið, þótt menn gengju án öryggisbelta lausir í staurinn. Hann kvað reglum um notkun öryggisbelta eða eftirliti með þeim hafi ekki verið hagað neitt á annan hátt eftir slys stefnanda en áður. Hann kvaðst iðulega hafa brýnt það fyrir starfsmönnum að nota öryggisbeltin, en kvaðst ekki muna, hvort hann hafi brýnt það sérstaklega fyrir stefnanda. Varðandi breytinguna á stauraskónum, sagði Otterstedt, að línumennirnir hafi sjálfir gert hana, og muni þeir hafa gert það til þæginda, og hafi hann látið það óátalið. Hann kvað hækappana vera á skóm í öryggisskyni. Hann sagði, að þeir hjá rafveitunni hafi nú nýja skó, eins og þá, sem áður voru, en þeim hafi ekki verið breytt, eins og hinum.

Haukur Ingimarsson kvaðst sjálfur hafa dregið í ljóskerið, áður en hann fór, og gert við það, eins og þurfti, en Bjarni Hjalta-lín átti síðan að koma kerinu fyrir í staurnum, en skipta þurfti um peruhald. Þegar Haukur kom aftur, hafði slysið skeð og búið að flytja hinn slasaða mann af staðnum. Þegar Haukur kom að, var annar stauraskórinn uppi í staurnum, en hinn hafði dottið niður. Ekki kvaðst Haukur við athugun á slysstaðnum hafa getað gert sér grein fyrir, hvernig slysið hefði borið að né hvort Bjarni hafi verið byrjaður að vinna uppi í staurnum. Skóna kvaðst Haukur hafa skoðað, og hafi þeir verið í lagi. Hann kvað stefnanda hafa yfirleitt farið gætilega við starf sitt. Haukur kvað það ekki hafa verið venju þeirra að spenna öryggisbeltin, þegar þeir hafi farið laushentir í staura, fyrr en byrjað var að vinna uppi. Einnig hefur vitni þetta borið, að á þeim tíma, sem slysið skeði, hafi þeir oft ekki haft neitt öryggisbelti, þegar þeir skiptu um perur. Eftir þetta slys var þeim stranglega skipað að hafa öryggisbelti á sér, þegar þeir gengju í staura, en þeir fylgdu því ekki ævinlega í framkvæmd.

Vitnið vissi til, að menn hafi dottið úr staurum, þegar þeir

hafa verið að vinna með óspennt öryggisbelti. Vitnið kvaðst eitt sinn hafa verið staddur við staur, þegar maður datt niður með höfuðið niður, og kvaðst hann hafa hlaupið undir manninn og sagði, að maðurinn hafi tagnað á fótum eða meiðzt þar eitthvað. Einnig sagði vitnið, að algengt væri, að menn færu einir til að skipta um perur í staurum. Vitnið sagði, að þeir, það er hann og samstarfsmenn hans, hafi tekið ofan af hæköppunum til þæginda.

Fjórir „línუმေnn“ hjá R.V.A., framannefndur Haukur Ingimarsson, Þorvaldur Stefánsson, Páll Línberg Emilsson og Haukur Otterstedt hafa gefið eftirfarandi vottorð í málinu, og hafa þeir allir staðfest það í rétti, nema sá síðastnefndi:

„Að gefnu tilefni viljum við undirritaðir línუმေnn, sem starfað höfum hjá Rafveitu Akureyrar í 12 til 16 ár, lýsa því yfir, að við teljum á engan hátt óvarlegt að nota skó þá, er Bjarni Hjaltalín notaði, þegar hann féll niður úr staur. Enn fremur teljum við útilokað að renna aftur úr skónum, þó hækapparnir hafi verið lækkaðir á áðurnefndum skóm.“

Páll Línberg hefur enn fremur borið eftirfarandi: Línუმေnnirnir tóku ofan af hæköppunum á skónum, og gerðu þeir það til þæginda, m. a. hafi þá safnast minni snjór í þá. Eftir þetta fengu þeir nýja skó með sams konar hæköppum og hinir höfðu upprunalega verið, og var þeim bannað að breyta þeim á nokkurn hátt. Hann kvað það matsatriði hverju sinni, hvort hann spennti beltíð, á meðan hann gangi í staura, og fari það m. a. eftir því, hvernig veðurfari sé háttað. Hins vegar kvað hann þá hafa haft fyrirmæli um það alla tíð að hafa beltin spennt. Vitnið sagði stefnanda hafa byrjað að bera við að fara í staura við niðurrif Laxárvirkjunarlínu, nokkru áður en slysið varð, og einnig hafi hann gert smávegis að því að skipta um perur í staurum, en annars hafi hann starfað hjá R.V.A. sem verka- maður og aðstoðarmaður línუმေnnanna.

Þorvaldur Stefánsson bar, að maðurinn hefði aldrei fallið til jarðar, því hann hefði ekki losnað úr skónum, ef hækapparnir hefðu verið óskertir. Hins vegar kvað hann ekki meira öryggi í því, þótt maðurinn hengi í skónum, því hann gæti þá brotnað á báðum fótum. Hann kvaðst yfirleitt hafa haft öryggisbeltið spennt, síðan fyrirmæli þar um hafi verið gefin, en mundi ekki, hvenær það hafi verið gert.

Ragnar Stefánsson, bifreiðastjóri hjá R.V.A. og aðstoðarmaður

línnumanna, hefur gefið eftirfarandi yfirlýsingu og staðfest hana fyrir rétti:

„Samkvæmt beiðni rafveitustjórans á Akureyri vil ég hér með lýsa því yfir, að þegar núverandi yfirlögregluþjónn, hr. Gísli Ólafsson, skilaði staurabelti því, er Bjarni Hjaltalín notaði, þegar hann féll niður úr staur árið 1958, þá viðhafði hann þau orð, að beltið væri eins og þegar það hafði verið tekið af honum, þ. e. óopnað.“

Enn fremur hefur Ragnar borið eftirfarandi: Hann telur, að yfirleitt hafi línumennirnir á þeim tíma, er slysið henti, gengið upp staura í vinnuhæð án þess að spenna öryggisbeltin, nema ef þeir væru með byrðar, þá hafi þeir frekar haft beltin. Nú kvað hann skipun yfirmanna vera þá, að hafa beltin alltaf spennt. Venjulega sagðist vitnið sitja inni í bílnum, meðan línumennirnir færu upp í staurana. Hann kvað það óvenjulegt, að aðstoðarmaður víki frá, meðan maður sé að vinna í staur, en sagði jafnframt, að stundum færu menn einir til þessara starfa. Loks sagði vitnið, að ef maður hefði staðið við staurinn, sem stefnandi féll úr, gæti hugsazt, að hann hefði getað dregið úr fallinu eða hindrað, að maðurinn hefði komið með höfuðið á jörðina, og sagðist þekkja dæmi slíks.

Sigurður Guðlaugsson, verkstjóri hjá R.V.A., hefur borið eftirfarandi. Það hefur alltaf verið ætlað til þess, að menn væru jafnan með öryggisbelti í staurum, en það var óátalið, þótt menn hefðu þau ekki spennt, þegar þeir væru að ganga upp staurinn, en í síðari tíð hefur verið gengið ríkt eftir því, að menn hefðu beltin spennt frá byrjun. Hann kvaðst ekki treysta sér til að segja um, hvort þeir skór, sem nú séu notaðir, það er með óskertum hælkappa, séu betri með tilliti til öryggis en hinir voru. Hann kvaðst telja, að stefnandi hafi verið vel fær um þetta starf, hann hafi verið búinn að fara það mikið í staura. Hann kvað það ekki hafa verið almenna reglu, að maður væri með þeim mönnum, sem væru að vinna í staurum, sérstaklega þegar aðeins væri verið að skipta um perur. Loks sagði vitni þetta, að stefnandi hafi sagt honum eftir slysið, að hann hafi verið búinn að rétta út hendurnar til að skrúfa peruna og hallað sér aftur í þeirri trú, að hann væri búinn að spenna beltið, og hafi þá misst jafnvægið.

Sóknaraðili hefur einkum byggt skaðabótaskyldu varnaraðilja á eftirfarandi málsástæðum. Stefnandi var ráðinn sem verkaður, en ekki sem línumaður, og var lítt vanur þessu starfi

og hafi því verið nauðsyn á að hafa mann með honum, enda komi það fram í skýrslum vitna, að það hafi verið það venjulega, að tveir væru saman við slík störf. Hefur hann einnig í því efni skírskotað til álits öryggismálastjóra, er að framan greinir. Einnig hafi verið sérstök ástæða til að brýna fyrir stefnanda að viðhafa öryggisráðstafanir, en það sé með öllu ósannað, að svo hafi verið gert eða að hann hafi óhlýðnast settum öryggisreglum. Einnig hefur hann skírskotað til vitna, er að framan greinir um, að maður, sem verið hefði nærstaddur, hefði ef til vill getað dregið úr slysi hans eða forðað því, þá telur hann, að óráðlegt hafi verið að breyta stauraskónum, eins og gert var, enda sé möguleiki á því, að maðurinn hefði ekki losnað úr skónum í upphafi eða eftir að hann missti jafnvægið, ef skórnir hefðu verið óbreyttir, og hefur skírskotað þar um til álits öryggiseftirlitsins á Akureyri og fleiri vitna.

Þá hefur stefnandi haldið því fram, að stefndu ættu að bera halla af því, að þeir hafi vanrækt að láta opinbera rannsókn fara fram út af slysinu, er valdið hafi því, að málið upplýstist ekki sem skyldi.

Einnig hefur hann haldið því fram, að greiðslur stefndu til stefnanda eftir slysið væru viðurkenning fyrir bótaábyrgð þeirra og hefur vitnað til dskj. nr. 34—37 þar um. Hann telur, að enginn grundvöllur sé í máli þessu fyrir sakarskiptingu, þar sem ekki sé sönnuð nein vanræksla eða óvarkárni á stefnanda.

Varnaraðili hefur einkum byggt kröfur sínar á eftirfarandi atriðum. Stefnandi gekk í staurinn í stauraskóm, er hann notaði að jafnaði við þessi störf, og gyrtur öryggisbelti, eins og venja sé við slík störf. Hins vegar hafi stefnandi ekki haft beltíð spennt, meðan hann gekk í staurinn, enda hafi ekki verið vanalegt að gera slíkt fyrr en vinna hófst. Erfitt sé að gera sér grein fyrir orsökum slyssins, enda sé þar ekki öðrum gögnum til að dreifa en sögn stefnanda sjálfs.

Hann hefur haldið því fram, að stefnandi hafi lengi verið búinn að vinna sem línumaður hjá varnaraðilja, þegar slysið varð, og hafi gerþekkt allar aðstæður við starfið. Hann hafi verið búinn að vera starfsmaður varnaraðilja frá því 1953. Sóknaraðili hafi lýst því yfir fyrir sakadómi Akureyrar, að hvorki hafi stauraskóm né beltí verið áfátt, og einnig sé það upplýst á annan hátt, að tæki þessi hafi verið í fyllsta lagi. Einnig hafi stefnanda verið ljóst, hverjar hættur starfi þessu væru samfara, þar á meðal að láta hjá líða að spenna öryggisbeltíð við uppgöngu.

Hann telur, að ekki verði séð, að nokkru máli skipti, þótt hæköppum á stauraskóm hafi verið breytt, eins og raun var á, og skírskotar þar um til dskj. nr. 28, enda hafi það verið gert með vitund og vilja stefnanda. Þá telur hann mjög ósennilegt, að þótt samstarfsmaður stefnanda hefði verið við staurinn, að hann hefði getað forðað slysinu. Einnig hafa stefndu skírskotað til lýsingar þeirrar á atvikum að slysinu, sem greinir í vottorði yfirlæknisins á sjúkrahúsinu hér og að framan er að vikið. Samkvæmt þessu telja stefndu, að eigi sé í ljós leitt, að starfsmönnum hans verði vegna skorts á aðgæzlu eða vanbúnaðar á vinnustað gefin nokkur sök á slysi stefnanda. Loks hafa stefndu neitað því, að þeir hafi viðurkennt bótaskyldu sína með því að greiða stefnanda nokkurt fé eftir slysið, því það hafi verið gert í velgerðarskyni fyrir fátækan starfsmann.

Eins og sjá má af því, er að framan greinir, er ekki ljóst, hvernig slysið hefur orsakast, enda er stefnandi þar einn til frásagnar, en hann slasaðist mikið og missti meðvitund við slysið, svo að ekki er óeðlilegt, að hugmyndir hans þar um séu dálítið á reiki. Hann hefur haldið því fram, að annar fótur hans hafi losnað úr skónum, og gæti það bent til þess, að annar skórinn verður eftir uppi í staurnum. Stefnandi hefur hins vegar ekki viljað viðurkenna það, að hann hafi sagt, að hann hafi hallað sér aftur í þeirri trú, að hann væri búinn að festa öryggisbeltið, og er það því ósannað atriði.

Hinir sérfróðu menn í dóminum líta svo á, að þar sem upplýst er, að stefnandi var lítt vanur slíku starfi, er hér var um að ræða, enda ekki ráðinn sem línumaður, en hann átti í þessu tilfelli að skipta um peruhald, þá hafi ekki verið varlegt að láta hann vera einan um slíkt verk. Einnig telja þeir líkur fyrir, að fætur mannsins hefðu ekki losnað úr stauraskónum, ef þeir hefðu verið óbreyttir frá því, sem þeir voru upphaflega, og telur rétturinn því, að óráðlegt hafi verið að breyta skónum, en ekki er upplýst, að stefnandi hafi átt nokkurn hlut að þeirri breytingu, og upplýst er, að eftir slys þetta var hætt að nota skó þessa og nýir fengnir í staðinn. Samkvæmt þessu telur rétturinn, að stefndu eigi að bera ábyrgð á tjóni stefnanda, og þykir það styðja þá niðurstöðu, að stefndu hafa greitt stefnanda bætur upp í væntanlegar skaðabætur. En jafnframt verður að telja, að nægilega sterkar líkur séu fyrir því, að stefnandi hafi ekki viðhaft þá aðgæzlu, er nauðsynleg var við slíkt starf, enda hafði hann þó nokkuð fengizt við slíkt starf áður; þannig á honum

að hafa verið ljóst, að öruggara var að hafa öryggisbeltið spennt, þó telja megj upplýst, að það hafi ekki verið venja línumanna á þeim tíma, meðan þeir gengu í staurana. Með tilvísan til þess, er nú hefur verið sagt, þar á meðal hve óljóst er um aðdraganda að slysinu, þykir rétt, að stefndu beri helming tjóns stefnanda, en hann sjálfur beri það að hálfu.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfu sína þannig:

1. Örorokutjón kr. 485.877.00
2. Bætur vegna miska og óþæginda — 100.000.00
3. Útlagðan kostnað — 11.310.00

Það er upplýst í málinu, eins og að framan greinir, að stefnandi hefur fengið greiddar bætur vegna slyssins, sem hér segir: Frá Tryggingastofnun ríkisins kr. 12.415.00 og frá stefndu kr. 21.100.00, samtals kr. 33.515.00, og lækkar sóknaraðili kröfuna, sem því nemur, og lækkar þá krafan fyrir örorkutjónið niður í kr. 452.362.00. Enn fremur lýsti lögmaður stefnanda því yfir við flutning málsins, að hann viðurkenndi rétt stefndu til að ganga inn í hvers konar bótarétt umbj. síns gagnvart þriðja aðilja vegna þessa slyss.

Um lið 1:

Stefnandi var fluttur meðvitundarlaus í Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri frá slyssað, og segir svo í vottorði yfirlæknisins (nr. 5): Röntgenmynd af columna sýndi brot á proc. spin. aðeins C VI. með verulegri dislocation og C VII um 4—5 mm og subluation í intervertleralliðum. Þá var brotinn fyrsti köggull h. stórutáar. Þegar slasaði hafði jafnað sig nokkuð eftir slysið, var hann fyrst settur í extensis, og þegar röntgenmyndir bentu til, að repasitis hefði fengizt á columna og rotarsympton, sem hann hafði haft á báðum handleggjum, voru horfin, var hann settur í gipsumbúðir. Stefnandi var í sjúkrahúsinu til 18. janúar 1959 og að nýju 10 daga í marz sama ár.

Í vottorði Snorra Hallgrímssonar yfirlæknis kemur eftirfarandi fram. Fyrstu dagana eftir slysið gat stefnandi ekki hreyft handleggina, en fingur lítillaga. Á þriðja degi fór hann að geta hreyft handleggi og fór fljótlega að geta hreyft þá eðlilega. Handlimirnir voru í fyrstu mjög dofmir, og enn fremur var dofatilfinning í baki og lærum, en þessi dofatilfinning í baki og lærum hvarf við síðari extensionsmeðferðina og hefur ekki gert vart við sig síðan. Dofinn í handlimum minnkaði einnig og var að mestu horfinn, þegar stefnandi í ágúst 1959 byrjaði að vinna.

En dofinn í handlimum ágerðist að nýju, er hann byrjaði að vinna, sérstaklega í sambandi við meiri háttar áreynslu og þreytu, og er svo enn, þegar vottorðið er skrifað 12. desember 1962. Auk þessa dofa eru kvartanir stefnanda verkur aftan til í hálsi og út í herðar og axlir og niður eftir upphandleggjunum aftanverðum. Þessi verkur er stundum sár, og stundum koma sárir verkjastingir í upphandleggi, niður undir olnboga. Mest ber á þessum óþægindum í sambandi við áreynslu. Þá kvartar hann um kraftleysi í handlimum og úthaldsleysi og stirðleika í hálsliðum og sársauka við hreyfingar.

Eftir að stefnandi fór að vinna í ágúst 1959, gat hann aðeins unnið léttustu störf fyrstu mánuðina. Í ársbyrjun 1960 varð stefnandi að leggjast inn á sjúkrahús á Akureyri vegna skeifugarnarsárs, en þessa sjúkdóms hafði fyrst orðið vart skömmu eftir slysið. Var stefnandi tvívegis í sjúkrahúsi í magakúr vegna þessa sjúkdóms, sem tók sig upp aftur, hvað eftir annað, og í þriðja sinnið var hann í sjúkrahúsinu, og var þá gerð á honum aðgerð, sem leiddi til bata á þessum sjúkdómi.

Stefnandi vann aftur hjá R.V.A. frá í júlí 1960 til ársloka 1961, en treysti sér þá ekki til að leggja að sér neitt erfiði og gerir ekki enn. Síðan hefur hann reynt að vinna tíma og tíma, en hefur jafnan orðið að hætta, vegna þess að hann þoldi ekki áreynslu. Niðurlag vottorðs yfirlæknisins er svohljóðandi: Við skoðun í dag kemur eftirfarandi í ljós: Sæmilega hraustlegur maður í eðlilegum holdum og kemur vel fyrir.

Áberandi og kröpp útbeygja á neðstu hálsliðum og hálsinn þar fyrir ofan virðist færður nokkuð fram á við. Þá virðist hálsinn óeðlilega stuttur og í heild framhallandi.

Hreyfingar í hálsliðum eru áberandi takmarkaðar. Beygja aftur á við er varla meira en helmingur þess, sem eðlilegt er, og við beygju fram á við vantar um 6 cm upp á, að haka nái bringu. Snúningshreyfing til hægri nemur um 60° frá miðlínu og snún-ingur til vinstri aðeins um 30°. Allar hreyfingar eru sárar, ef reynt er að þvinga þær út fyrir þessi mörk. Mm. trapetzii og mm. sternocleidomastoidei eru áberandi rýrir, en ekki lamaðir.

Handlimir virðast eðlilegir. Liðhreyfingar eðlilegar og ekki að finna lömum á vöðvum. Ummál upphandleggja mælist eins beggja megin svo og framhandleggja. Grófur kraftur í handlimum virðist eðlilegur.

Röntgenskoðun 9.10. og 18.10. '62 leiðir í ljós brot á hrygg-tindi sjötta hálsliðar inn við basis, og hefur hrygg-tindurinn sveigzt

niður á við. Brotið er ekki gróið. Enn fremur virðast vera afleiðingar af meiri háttar compressionsbroti á liðbolum sjöunda hálsliðar og fyrsta brjóstliðar. Þessir liðbolir eru samrunnir, en miklu lægri að framan en aftan, og veldur þessi aflögun á hryggjarbolnum krappri sveigju á hryggjarsúlunni með bungu aftur á við. Í samræmi við þessa skekkju er nokkur sublaxation í intervertabralliðum þessara hryggjarliða.

Á myndum, sem teknar voru strax eftir slysið, er hægt að greina meiri háttar compressionsbrot á C VII, auk þess sem lýst er í vottorði Guðmundar K. Péturssonar yfirlæknis, en það er brot á proc. spinosus C VI svo og sublaxatio á C VI fram á við.

Röntgenskoðunin í október s.l. leiðir enn fremur í ljós áberandi slitbreytingar á liðum milli C IV—C V, og C VI og C VII. Beinútvextir sjást á frambrúnum þessara liða, en mest á C V og C VI. Þessir beinútvextir sjást ekki á myndum, sem teknar voru strax eftir slysið, og eru því efalaust afleiðing áverkans.

Hér er um að ræða 32 ára gamlan mann, sem fyrir tæpum fjórum árum fékk mjög mikinn áverka á höfuð, háls og herðar, og virðast aðalafleiðingar slyssins í byrjun vera sem hér segir:

1. Heilahristingur.
2. Brot á hryggindi sjötta hálsliðar.
3. Subluxation fram á við á sjötta hálslið.
4. Meiri háttar þrýstingsbrot á liðbolum sjöunda hálsliðar og fyrsta brjóstliðar.
5. Sköddun á taugarótum neðri hluta plexus brachialis og efstu brjósttauga.
6. Brot á stórutá.

Bjarni hefur náð sér, að svo miklu leyti sem vænta má, eftir þetta slys, en mikið vantar þó á fullan bata. Subluxation á C VI var lagfærð og stelling á þeim lið nú eðlileg. Lömunin á handlimum gekk fljótlega til baka, og hefur því ekki verið um meiri háttar sköddun á taugarótum að ræða. Hins vegar er varanleg bæklun á hálsliðum og efsta brjóstlið, og er hún í aðalatriðum fólgin í eftirfarandi atriðum:

1. Samruni og meiri háttar aflögun á sjöunda hálslið og fyrsta brjóstlið, sem veldur mikilli skekkju (kyphosis) á hryggjarsúlunni og stellingsskekkju á öllum hálsinum.
2. Slitbreytingar á hálsliðum, sem ásamt bæklun ofangreindra liða veldur hreyfingarhindrun svo og sársauka við hreyf-

ingar. Búast má við, að þessar slitbreytingar fari vaxandi með árunum.

3. Sköddun á taugarótum út frá ofangreindum breytingum.
4. Ógróið brot á hryggþind sjötta hálsliðar.

Það, sem finnst við skoðunina, virðist mér fyllilega samsvara þeim óþægindum, sem Bjarni lýsir, og mér virðist ekkert útlit til þess, að hann verði að nýju fær til erfiðisvinnu.

Einnig hefur Gunnar Guðmundsson, sérfræðingur í vefrænum taugasjúkdómum, gefið vottorð um ástand stefnanda, og segir þar: Skoðun: Sjúklingur er orienteraður í tíma og rúmi, svarar öllum spurningum greiðlega. Ekki ber á neinni dysfasi eða dysarthri. Nn. kranialis: Eðlilegar heilataugar.

Motorik: Tonus, trofík, grófir kraftar í extr. eðlil. Reflexar svarandi til C, 6, 7, 8, hægra megin, þ. e. biceps, triceps og radialis eru greinilega daufari en vinstra megin. Að öðru l. eru reflexar eðlilegir. Babinski negat. bilat.

Sensibilitet: Húðskyn svo og vibrations- og stöðuskyn er eðlilegt. Sjúkl. fær allsáran verk, sem radierar út í báðar axlir við hreyfingar á hálsi, einkum þó ef hann horfir til vinstri.

Koordination: Eðlileg. Sfinkerfunktion: Eðlileg.

Röntgenmynd af hálsliðum 9. og 18.10. 1962 sýna m. a. mikla kompression á liðbolunum C VII og Th I, sem virðast samrunnir, einnig sést fraktura í proc. spinos. á C VI, auk þess arthrotiskar breytingar á C V, VI, VII og Th. I.

Álit: Kvartanir og einkenni þau, sem að ofan greinir, eru afleiðingar slyssins, og engar líkur tel ég fyrir því, að ástandið breytist til batnaðar, en hins vegar er ekki ósennilegt, að ástandið komi til með að versna að einhverju leyti.

Páll Sigurðsson, fyrrverandi tryggingayfirlæknir, hefur metið örorku stefnanda, og er það byggt á framangreindum læknisvottorðum svo og röntgenmyndum, sem hann lét taka, og skoðun hans sjálfs á stefnanda. Er matið dags. 9. febr. 1963. Í lok matsgerðarinnar segir svo: Ályktun: Bjarni Hjaltalín hefur við slysið 31. des. 1958 orðið fyrir mjög alvarlegum meiðslum á hálsliðum og efsta brjóstlið. Auk þess hafa nokkrar taugarætur, sem ganga út frá háslhluta mænunnar, skaddast. Má vissulega segja, að það gangi kraftaverki næst, að Bjarni slapp lifandi úr þessu slysi.

Eins og lýst hefur verið í greinargerðinni hér að framan, hlaut Bjarni nokkur brot og fleiri skemmdir á hálsliðum og efsta brjóstlið. Afleiðingarnar eru áberandi missmíði, og eru þau, sem nú skulu nefnd, þau helztu.

Meiri háttar aflögun og samruni á sjöunda hálslið og fyrsta brjóstlið, er orsakar áberandi skekkju á hryggjarsúlunni samfara stellingarskekkju á öllum hálsinum.

Fram eru komnar slitbreytingar á hálsliðum, sem samfara bæklun fyrrgreindra liða hafa í för með sér hreyfingarhindrun og sársauka við hreyfingar. Það má telja nokkurn veginn víst, að þessar slitbreytingar fari vaxandi með árunum.

Bjarni hefur orðið fyrir sköddun á taugarótum, sem ganga út frá hálshluta mænunnar.

Hryggtindur sjötta hálsliðar Bjarna hefur brotnað af, og brotið hefur ekki gróið, og engar líkur eru til þess, að það geri það.

Af því, sem sagt hefur verið í þessari greinargerð, ætti að vera fyllilega ljóst, að Bjarni hefur hlotið áberandi missmíði og mjög mikil örkuml vegna afleiðinga slyssins 31. des. 1958. Ekki eru neinar líkur til, að ástand hans, að því er þetta snertir, eigi eftir að breytast til batnaðar úr þessu. Hins vegar má telja nokkurn veginn víst, að ástandið eigi eftir að versna. Það má telja alveg útilokað, að hann verði nokkurn tíma fær til erfiðisvinnu hér eftir.

Af þessu leiðir, að ekki verður hjá því komizt að áætla Bjarna örorku, þar á meðal mikla framtíðarörorku, vegna slyssins 31. des. 1958 og afleiðinga þess.

Örorka, þar á meðal framtíðarörorka, vegna slyssins 31. des. 1958 og afleiðinga þess þykir hæfilega metin, svo sem hér segir:

Frá slysdegi til 31/1 1959	100%
— 1/2 1959 til 31/7 1959	80%
— 1/8 1959 til 31/12 1961	60%
— 1/1 1962, framtíðarörorka:	45%.

Stefnandi hefur fengið sérfróðan mann um tryggingarmál til að reikna út heildarverðmæti tjóns þess, er stefnandi hafði beðið af örorku sinni, miðað við framangreint örorkumat. Upplýst er, að vinnutekjur stefnanda hafa verið sem hér segir:

1957	kr. 47.891.00
1958	— 58.820.00
1959	— 39.149.00
1960	— 37.169.00
1961	— 69.297.00

Tryggingarfræðingurinn hefur gert áætlun um vinnutekjur stefnanda fram í tímann út frá vinnutekjum hans árin 1957—1958. Er það gert með því að umreikna vinnutekjur þessara tveggja ára til kauplags í árslok 1958 og gera síðan ráð fyrir

vísitölubreytingum og grunnkaupshækkunum, eins og síðar hafa orðið á kaupni verkamanna, og síðan reiknað vinnutekjutap, miðað við framangreinda örorku. Niðurstaða er vinnutekjutap kr. 424.669.00. Reiknað er með 7% ársvöxtum. Frádráttur vegna opinberra gjalda hefur ekki verið gerður. Matsgerð þessi er dags. 26. marz 1963. Síðar óskaði lögmaður stefnanda eftir nýrri matsgerð á tekjutjóni umbjóðanda síns hjá sama tryggingarfræðingi, þar sem tekið væri tillit til þeirra almennu kauphækkana, er síðar höfðu orðið, og er verðmæti áætlaðs vinnuteknataps samkvæmt því kr. 485.877.00 eða jafnt og kröfunni nemur, en frá dregst það, sem stefnandi hefur fengið greitt, sbr. að framan, kr. 33.515.00, og verður krafan þá kr. 563.672.00.

Varnaraðili hefur mótmælt lið þessum sem allt of háum, meðal annars með tilliti til þess, að bæturnar eru útsvars- og tekju-skattfrjálisar.

Stefnandi var 28 ára gamall verkamaður, þegar hann slasaðist, og átti fyrir konu og 4 börnum að sjá. Ekki er upplýst annað en stefnandi hafi verið heilsuhraustur fyrir slysið. Þegar á þetta er litið og allt, sem að framan er rakið, þykir hæfilegt með tilliti til framangreindrar sakarskiptingar og þess, sem stefnandi hefur fengið greitt í bætur, að stefndi greiði honum samkvæmt lið þessum kr. 180.000.00.

Um lið 2:

Stefndu hafa mótmælt þessum lið sem allt of háum. Að framan hefur verið lýst ýtarlega meiðslum stefnanda, líðan hans eftir slysið og hvernig heilsu hans hefur verið háttað. Með tilvísan til þessa þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda undir þessum lið kr. 30.000.00, og ber stefndu að greiða helminginn af því eða kr. 15.000.00.

Um lið 3:

Þessum lið hefur ekki verið mótmælt tölulega, en hann verður tekinn með í málskostnaði.

Samkvæmt framanrituðu ber stefnda að greiða stefnanda kr. 180.000.00 og kr. 15.000.00, samtals kr. 195.000.00, með 7% ársvöxtum frá 31. desember 1958 til greiðsludags. Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilegur kr. 35.000.00, þar af kr. 330.00 í dómsmálagjöld til ríkissjóðs.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa, og

stafar það af því, að annar meðdómsmaður þurfti að fara til útlanda, rétt eftir að málið var flutt.

Dóm þenna kváðu upp Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógeta, og meðdómsmennirnir Anton Kristjánsson rafvirkjameistari og Ingólfur Árnason rafveitustjóri.

Dómsorð:

Stefnda, Rafveita Akureyrar, greiði stefnanda, Bjarna Hjaltalín, kr. 195.000.00 með 7% ársvöxtum frá 31. desember 1958 til greiðsludags og kr. 35.000.00 í málskostnað, þar af kr. 330.00 í ríkissjóð, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Dóminum má fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 29. janúar 1965.

Nr. 110/1964. **M** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

K og gagnsök (Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1964. Hann krefst *aðallega* sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en *til vara*, að úrslit málsins verði látin velta á synjunareiði hans. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. október 1964 og gjafsóknarleyfi sama dag, áfrýjað málinu með stefnu 16. s. m. Krefst hún þess *aðallega*, að aðaláfrýjandi verði dæmdur faðir meybarns þess, X, er hún ól 3. marz 1963, og dæmt skylt að greiða henni meðlag með barninu